



## Verkefni: Yrkja

Styrkþegi: Efling stéttarfélag

Mörg dæmi eru um mikla félagslega einangrun hjá fólki sem missir vinnuna og skilur ekki tungumálið í því landi sem það er búsett.

Hugmynd að samfelldu námi með fjögur meginstef, sjálfstyrkingu, íslenskukunnáttu, samfélagsfræðslu og tengslanet var búin að vera að gerjast í þó nokkurn tíma.

Styrkurinn sem við fengum gerði okkur kleift að hefjast handa.

Markmið verkefnisins var að virkja erlenda félagsmenn Eflingar stéttarfélags, sem eru búnir að vera atvinnulausir í meira en 6 mánuði og hafa litla sem enga íslenskukunnáttu, til íslenskunáms og aukinnar þátttöku í íslensku samfélagi.

Yfirmarkmið verkefnisins var síðan að auka hæfni þeirra og möguleika á íslenskum vinnumarkaði.

Mímír símenntun gekk til liðs við okkur strax í umsóknarferlinu. Mímír sá að mestu leyti um skipulag kennslunnar og allt sem tengdist námskeiðahaldinu sjálfu.

Einnig var leitað eftir samstarfi við Vinnumálastofnun þar sem hugmyndinni var strax tekið vel og stuðningi heitið.

Verkefnið var þannig framkvæmt að send voru út bréf til 170 pólskra kvenna sem voru búnar að vera í atvinnuleit í 6 mánuði eða lengur og þeim boðið að taka þátt í 200 stunda námi sem hefði það að markmiði að kynna þær betur fyrir íslensku samfélagi, auka íslenskuþekkingu þeirra og bæta möguleika þeirra á íslenskum vinnumarkaði. Mjög góð svörun var og endaði með því að hópurinn stækkaði nokkuð frá því sem við ætluðum upphaflega.

Námið hófst síðan samkvæmt áætlun og gekk almennt mjög vel. Allir námsþættir gengu að mestu vel ásamt vettvangsferðum og öðru sem var á dagskránni.

Í könnun sem gerð var að loknu náminu kom meðal annars fram einróma samstaða um að vilja læra meira í íslensku, ásamt ánægju með andrúmsloftið, fjölbreytni námsgreina og vettvangsferðirnar sem voru hluti af samfélagsfræðinni.

Að lokum kemur ein tilvitnun í þátttakanda: „Það bjargaði mjög miklu fyrir mig að rjúfa mína einangrun, kynnast frábærum konum og fá viðfangsefni við hæfi“.

## Project: Yrkja (growing)

Grantee: Efling labor union

Many examples are of great social isolation by people who lose their jobs and do not understand the language of the country where they live.

A course with four main themes, empowerment, the Icelandic language, community education and networking had been in development at Efling for quite some time.

The grant we received made it possible to get started.

The project was to enable foreign members of Efling, which have been unemployed for more than 6 months and have little knowledge of Icelandic, a change to improve their language skills and increase their participation in Icelandic society.

The main objective was to increase their skills and potential on the labor market.

Mimir joint in right from the beginning and had a leading role in the project right from the application process.

We also sought the cooperation of the Labor office where we got good responses and they promised to support the project.

We sent out letters to 170 Polish women and invited them to participate in a 200 hours program that would aim to present them better for the Icelandic community, increase their language skills and improve their chances of getting jobs.

The program then began on schedule and was very successful and went beyond our expectations. All participants were very satisfied with the project.

In a survey conducted after the project there was unanimous conclusions by all participants that they want to learn more Icelandic, they also where very satisfied with the atmosphere, the variety of courses and the field trips.